

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkþörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	28.2.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkþörungafélagið	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Øystein Mathisen	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis	Jón / Sverrir	Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í Íslenska Kalkþörungafélagið.

Fjögur frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu og tveimur ábendingum komið á framfæri.

Þá eru unnið að úrbótum vegna 4 eldri frávíka sem komu fram í eftirliti 2017 og 2018.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit vegna ábendinga um ólöglegt varp í hafið og vegna hávaða. Einnig var tilgangur eftirlitsins að fara yfir stöðu úrbóta vegna útistandandi frávíka.

Ábending um varp í hafið:

Umhverfisstofnun barst ábending dags. 18. febrúar sl. með myndum sem sýndu að hörpu hafði verið stillt upp við lóðarmörk rekstraraðila sem beindi út í fjörukambinn og gaf ástæðu til að ætla að verið væri að varpa efni í sjóinn. Í eftirlitinu var áréttáð að slíkt er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar sbr. leyfi fyrir losun fínafna í Arnarfjörð sem er í gildi. Þegar eftirlitið fór fram var búið að færa hörpuna og ekki ummerki að verið væri að varpa efni í hafið. Rekstraraðili upplýsti að um mistök hafi verið að ræða þar sem að verksmiðjustjóri hafi ætlað að harpa gróf steinefni frá og varpa í fjöruna þar sem að illa gengur að dæla því út í Arnarfirði. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðilanum voru þær fyrirætlanir stöðvaðar áður en til framkvæmda kom.

Ábendingar um hávaða:

Umhverfisstofnun hefur ítrekað borist ábendingar um hávaða frá verksmiðjunni. Mælingar í íbúabyggð gefa til kynna að hljóðstig að nóttu til er oft á tíðum um 50-55 dB(A). Í eftirlitinu var staðfest að talsverður hávaði berst frá verksmiðjunni til íbúabyggðarinnar og óumdeilt að uppruninn er í verksmiðju Kalkþörungafélagsins. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila telja þeir uppruna hávaðans vera fyrst og fremst frá blásara við þurrkara í verksmiðjunni. Áætlað er að einangra blásarann í næsta viðhaldsstoppi sem er fyrirhugað nú í mars mánuði.

Ábendingar um ryk í útblæstri:

Umhverfisstofnun hefur jafnframt borist kvartanir um sýnilega mengun í útblæstri. Þegar eftirlitið fór fram var sýnileg mengun frá einum skorsteinanna frá verksmiðjunni. Framkvæmdir við nýtt afsogskerfi í verksmiðjunni eru í gangi en áætlanir um lok framkvæmda sem kynntar voru í síðasta eftirliti hafa ekki staðist. Þrjú útblástursop (skorsteinar) eru frá verksmiðjunni: einn frá mölun, einn frá þurrkara og einn frá kornun (granulation).

Unnið er að hönnun afsogskerfis með pokasíum við mölunina, útblástur frá þurrkara er leiddur út um vothreinsivirki og pokasíuvirki er fyrir kornun (granulation). Mælingar voru gerðar í útblæstri frá vothreinsivirki í janúar sl. sem voru innan starfsleyfismarka. Sýnilega mengunin kom frá skorsteini frá kornuninni og upplýsti rekstraraðili að það stafaði af vandræðum með festingar á pokasíunum. Ítrekað var við rekstraraðila að mengunarmælingar í útblæstrinum væru ekki fullnægjandi og framkvæma þurfi mælingar í öllum útblástursopum/skorsteinum. Einnig þarf að huga að því að afsogskerfið nái til allra rykupspretna en rykmengun inn í verksmiðjunni þegar eftirlitið fór fram gaf til kynna að það sé ekki raunin í dag.

Að loknum fundi var farið um verksmiðjuna og lóðina og aðstæður kannaðar. Mikið efni er á lóðinni sem er farið að þrengja að.

Leki kom upp í frárennslisloagn sem liggur frá verksmiðjunni í lónið í lok febrúar. Búið var að koma í veg fyrir lekann þegar eftirlitið fór fram.

Frávik frá

Lýsing á frávíki

verksmiðjunnar sem liggur upp frá kornun (granulation).

- Grein 3.13 Gögn og ábendingar gefa til kynna að hávaði frá verksmiðjunni sé yfir ákvæðum reglugerðar nr 724/2008 um hávaða að nóttu til. Niðurstöður mælinga gefa til kynna að hávaði í íbúabyggð sé oft á tíðum frá 50-55 dB(A). Staðfest var í eftirlitinu að uppruni hávaðans sé í verksmiðjunni.
- Grein 3.12 Framleiðsluúrgangi (leirefnum) hefur verið safnað upp í stórsekki utandyra á undanförunum árum. Samkvæmt ákvæðum starfsleyfis skal úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar.
- Grein 4.2 Útblástursmælingar sem framkvæmdar voru 2018 eru ekki fullnægjandi þar sem að eingöngu voru teknar mælingar í einum skorsteini af þremur. Gera þarf mælingar í öllum skorsteinum/reykháfum

ÁBENDINGAR

Fjöldi ábendinga vegna hávaða og ryks hafa borist til Umhverfisstofnunar að undanförmu. Frávik vegna ryks hafa verið skráð á undanförunum árum og lagðar fram úrbótaáætlanir sem hafa ekki staðist. Umhverfisstofnun óskaði eftir viðbótarupplýsingum vegna útistandandi frávíka í tölvupósti þann 3.janúar sl. sem hafa ekki borist stofnuninni með fullnægjandi hætti.

Mikilvægt er að rekstraraðili finni ráðstöfunarleiðir fyrir framleiðsluúrgang þar sem að hann er farinn að þrengja talsvert að á lóð rekstraraðila.

ANNAÐ

Í eftirlitinu kom fram að Halldór Halldórsson hefur tekið við sem tengiliður Íslenska Kalkþörungafélagsins við Umhverfisstofnun. Hann var ekki viðstaddur eftirlitið en átti símafund við eftirlitsmann þar sem farið var yfir umfang og niðurstöður eftirlitsins.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.03.2019


Halla Einarssdóttir

